

Stjórnarfundur GFFÍ . Teams fundur

9. janúar 2024

Mættir: Anna María Lind Geirsdóttir AMLG, Brynjar Þór Vigfússon BÞV, Þorsteinn Ólafsson ÞÓ, Helena Hólm HH, Jóhanna B. Þorvaldsdóttir JBÞ, Guðni Ársæll Indriðason GÁI

Fundur settur kl 20:03

1. BÞV: Ekki verið fundað oft í félaginu en amk tvisvar í búgreinadeildinni. Fundað með RML í sumar. Verðið hækkað fyrir not af Heiðrónu, hefur áhyggjur af því að fjöldi geita fóru úr 1889 í 1816 geitur í Heiðrónu samkvæmt mælaborði landbúnaðarins. Lægsta verð fyrir notkun var undir 5000 kr fyrir þá sem voru með upp að 20. Hæsta verð var um 20.000-. Nú er lægsta verð um 25.000. Geitabændum hefur fækkað úr 121 í 109. Ekki vitað um neina sem hafa hætt.

Hvernig stendur á þessum tölur? Vegna hækkunar gjalds í Heiðrónu?

RML sögðu að það kosti jafn mikið að vera með kerfi fyrir 4 eins og 24 geitur.

Þá fer allur ríkisstyrkur í að borga fyrir skýrsluhaldið í RML.

2. Halla Sigríður Steinólfsdóttir óskaði eftir að MAST kæmi og tæki út mjaltaraðstöðuna svo hún gæti mjólkað löglega í sumar sem leið. MAST kom ekki og hún gat því ekki selt frá sér mjólkina. Hún hafði ítrekað við MAST að koma.

3. Kerfið heldur geitabændum á hobbístiginu.- erfitt að komast áfram.

4. BÞV hefur setið samráðsfundi og þar er mest verið að ræða um að stemma stigu við lækkun innflutningstolla á búvöru. Í Búvörusamningum er boðið upp á að færa peninga á milli liða t.d. að taka peninga af mjólkurframleiðslu og setja t.d. í fiðu. Ein upphæð en ekki miðað við að fjölgi í greininni, þannig að þegar fjölgar þá deilist upphæðin á fleiri. Hugmyndir fyrir næstu samninga er að semja ekki um fasta tölu sem deilist á marga heldur fastar tölur á geit og afurð.

BÞJ: Gripagreiðslur 6-7000 kr á geit. Beingreiðslur komu á réttum tíma seinast.

5. Þarf að finna leið til að virkja geitabændur í umræðu og að ganga í félagið og mæta á fundi félagsins. Hvað á GFFÍ að vera? Búgreinadeildin snýr meira að peningamálum og ræktun.

Væri hægt að reyna að vera með opna félagsfundi og eitthvað áhugavert efni um geitur á "léttari nótunum" til að fá fólk inn og til að mæta á fundi.

LBHÍ ætlaði að vera með röð námskeiða um geitahald, tvö kembangarnámskeið voru haldin, áhugi var að halda girðinganámskeið fyrir bændur.

Virkja og stækka FB hópinn. Félagar í GFFÍ, nota samfélagsmiðlana meira: FB síðu Geitfjárræktarfélagssin.

Heiðrónu þarf að enn að laga,

6. 12. janúar n.k. deildarfundir búgreina sem var áður kallað búgreinaþing. Allir sem eru í búgreinadeildinni geta skráð sig. Skráning er á bondi.is og við þurfum að auglýsa það vel á FB og heimasíðunni.

7: Sæðingar

ÞÓ: Náðu nothæfu sæði úr fimm höfrum. Einn með lélegt sæði og var ófrjór.

Hafrarnir vilja hafa blæsma huðnu og eru hafrarnir ekki sáttir við að fara aftur upp á sömu huðnu í sæðatökunni. Naut og hrútar graðari.

JBÞ: sæddu 20 huðnur, 4 af 9 halda.

Íblöndunarvökvarnir eru misgóðir. Vísbendingar um að ekki hafi haldið vel með hrútasæði sem var tekið í haust þó að það hafi lifað vel eftir frystingu.

Sama blöndunarefni hefur verið notað fyrir nautasæði og reynst vel.

4 eða 5 geitabændur hafa fengið sæði.

BÞV prufaði að láta sæða. Lét sæða allar, ÞÓ vill fá upplýsingar hvernig fór, fá burðartölurnar.

Hafrana Móbak, Gutta og Breka vantaði í hafraskrá.

Birna K Baldurs heldur utan um hafraskrá. AM verður í sambandi við hana.

8: Þurfum að huga að aðalfundi. Í samþykktunum segir:

“Aðalfund skal halda í kjölfari búgreinaþings búgreinadeildar geitfjárræktarinnar innan Bændasamtaka Íslands og skal hann boðaður bréflega eða með öðrum sannanlegum hætti með tíu daga fyrirvara og telst fundarboðunin þá lögleg. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Séu lagabreytingar fyrirhugaðar skal þess getið í fundarboði og jafnframt hvaða greinum laganna fyrirhugað er að breyta. Einfaldur meirihluti ræður niðurstöðu mála, nema lagabreytingar sem þurfa 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar þurfa að hafa borist stjórn fyrir 1. mars ár hvert.”

Búgreinaþing búgreinadeilda verður 12 og 13 febrúar. Höldum stjórnarfund eftir það og ákveðum hvenær í kjölfarinu við höldum aðalfundinn.

Fundi slitið kl. 21:17